

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, tengivegur milli Skeiðholts og Leirvogstungu.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 9. desember 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024 frá 8. júlí 2003.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Lega tengivegar milli Skeiðholts og Leirvogstungu á um 800 m kafla færast til norðurs nær hesthúsasvæði og síðan í sveig til austurs. Jafnframt breytist lega aðalstígs meðfram tengivegi.
2. Suðvesturmörk íbúðarsvæðisins í Leirvogstungu færast lítillega til austurs og gert er ráð fyrir tveimur (nýjum) aðkomuleiðum inn á íbúðarsvæðið, sem minnkar um 0,6 ha við breytinguna og verður 43,6 ha.
3. Afmörkun hverfisverndar Leirvogsár breytist til samræmis við greinargerð aðalskipulags Mosfellsbæjar 2002-2024.
4. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. desember 2008.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.